

Fimmtudaginn 1. febrúar 1996.

Nr. 24/1996.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

X

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Kynferðisbrot. Sýkna. Sýnileg sönnunargögn. Málsvarnarlaun. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Málinu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 15. janúar 1996. Dómkröfur ákærvalds eru þær, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og dæmdur til refsingar, sem verði þyngd frá því, sem ákveðið var í héraðsdómi. Þá verði hann dæmdur til að greiða K miskabætur, að fjárhæð 1.000.000 krónur, með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 8. október 1995 til 8. nóvember 1995, en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk kostnaðar vegna lögmannsaðstoðar. Loks verði ákærði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Ákærði krefst sýknu af refsikröfum ákærvalds og frávísunar á miskabótakröfu K. Þá er þess krafist, að málsvarnarlaun verði greidd úr ríkissjóði.

I.

Rannsókn máls þessa í upphafi var ábótavant í nokkrum atriðum. Þrátt fyrir áverka á kæranda og lýsingar hennar á átökum og samförum á hrjúfu stálgólfi um borð í b/v Þerney, RE 101, var enginn reki gerður að læknisskoðun á ákærða. Liggur þannig ekkert fyrir um það, hvort áverkar voru á honum. Aðeins einn skipsfélagi ákærða var yfirheyrður, og var sú yfirheyrsla mjög takmörkuð. Verður ekki séð, að reynt hafi verið að grennslast fyrir um, hvenær ákærði kom um borð í skip sitt. Þá var ekki rætt við vaktmann um borð í b/v Þerney fyrr en 25. október 1995, en hann ræddi fyrstur við

kæranda að morgni 8. október. Var hér ekki um formlega yfirheyrslu að ræða.

II.

Í héraðsdómi er greint frá niðurstöðum DNA-rannsóknar, sem fram fór á frumulíffræðideild Rannsóknastofu háskólans í meinafræði á sýni, sem tekið var úr verju, er kærandi afhenti lögreglu um borð í b/v Þerney að morgni 8. október 1995. Samkvæmt niðurstöðunum voru yfirgnæfandi líkur á því, að sæði, er greindist í verjunni, væri úr ákærða.

Í héraðsdómi kemur einnig fram, að sýni frá ytra og innra byrði umræddrar verju voru send til Rettsmedisinsk Institutt í Osló til rannsóknar, en niðurstöður þeirrar rannsóknar höfðu ekki borist, er héraðsdómur gekk. Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn, sem þetta varða. Þar á meðal er ljósrit af skýrslu framangreindrar stofnunar í Osló, sem fylgdi bréfi Rannsóknastofu háskólans í meinafræði til Rannsóknarlögreglu ríkisins 12. janúar 1996. Í bréfinu, sem undirritað er af Gunnlaugi Geirssyni prófessor, segir svo:

„Rannsóknarskýrslan frá Oslo barst 22. 12. 1995, og var niðurstaða á þá leið, að sýnið, sem var tekið frá ytra byrði smokks, samrýndist því að koma frá kæranda, en sæðið, sem fannst inni í smokknum, gat ekki samrýnst því að stafa frá ákærða.

Til sannprófunar á niðurstöðum var sent blóðsýni frá ákærða, sem tekið var á Rannsóknastofu í réttarlæknisfræði 28. 11. 1995, og rannsókn endurtekin. Niðurstaða barst í dag, og er hún á þá leið, að fyrri niðurstaða er staðfest.

Rannsóknaraðilum í Noregi var kynnt, að fundist hefði lítið eitt af hrörnandi sæði í leggöngum konunnar, en það breytir ekki niðurstöðu um útilokun ákærða frá því að eiga sæði það, sem í smokknum fannst.

Lokaniðurstaða.

Samkvæmt framanskráðu útilokast ákærði frá því að eiga sæði í smokki þeim, sem fyrir liggur í máli Rannsóknarlögreglu ríkisins nr. 4311/95. Niðurstaðan byggist á rannsóknnum, sem framkvæmdar voru á Rettsmedisinsk Institutt í Oslo og tekur til fleiri þátta en áður voru gerðar í máli þessu og telst því fullnaðarrannsókn.“

Með greinargerð til Rannsóknarlögreglu ríkisins 17. janúar sl.

rekur Gunnlaugur Geirsson prófessor ýtarlega, hvernig háttað var móttöku, meðhöndlun og sendingu umræddra sýna á Rannsóknastofu í réttarlæknisfræði. Segir í niðurstöðu greinargerðarinnar, að fylgt hafi verið til hlítar reglum um vörslu og meðferð sýnanna á rannsóknastofunni. Ekki verði sýnt fram á neina misfellu, sem rýri gildi hinna norsku rannsókna vegna vanhalda á varðveislu, höndlun eða sendingu sýnanna.

Í bréfi dr. Sigurðar Ingvarssonar hjá frumulíffræðideild Rannsóknastofu háskólans í meinafræði til Rannsóknarlögreglu ríkisins 18. janúar sl. kemur fram það álit hans, að ástæða til mismunandi niðurstöðu frá rannsóknastofunum tveimur sé sú, að unnið hafi verið með tvö ólík sýni. Hann bendir einnig á, að blanda af frumum frá leggöngum konunnar hafi getað verið í innanverðri verju, og þar hafi getað verið sæðisfrumur frá þriðja aðila.

III.

Með hliðsjón af hinum nýju gögnum og farbanni ákærða, sem markaður var tími til 8. febrúar nk. með dómi Hæstaréttar 19. janúar sl., ákvað Hæstiréttur að taka mál þetta til munnlegs málflutnings, þegar er málsgögn hefðu borist. Með bréfi réttarins til ríkissaksóknara og skipaðs verjanda ákærða 23. janúar sl. var tilkynnt, að málflutningur færi fram 25. janúar. Í greinargerð ríkissaksóknara til Hæstaréttar 22. janúar gerði hann grein fyrir ýmsum gögnum, sem aflað hafði verið í tilefni hinnar nýju niðurstöðu frá Noregi, og leggja þau fyrir í málinu. Í lok greinargerðarinnar sagði og: „Í viðræðum við rannsóknarlögreglustjóra hefi ég og hvatt til þess, að leitast yrði við að afla enn frekari upplýsinga og gagna í þessu efni, sem mættu verða til þess að varpa enn frekara ljósi á þessi efni. Verður gerð nánari grein fyrir þessu við flutning málsins.“

Við munnlegan málflutning 25. janúar lagði ríkissaksóknari fram dagbók rannsóknarlögreglustjóra ríkisins um aðgerðir í máli þessu 16. janúar til 25. janúar 1996. Kemur þar meðal annars fram, að 18. janúar var ákveðið af hálfu ákærvalds og rannsóknarlögreglu í samráði við Gunnlaug Geirsson prófessor að leita umsagnar dansks sérfræðings um fyrirbyggjandi rannsóknir. Þá var 19. janúar haft samband við DNA-greiningadeild Alríkislögreglunnar (FBI) í Bandaríkjunum Norður-Ameríku um, að hún tæki að sér að rannsaka fyrir-

liggjandi sýni úr málinu. Fór Gunnlaugur Geirsson með sýni til FBI 22. janúar og kom úr þeirri ferð 25. janúar.

Við málflutninginn sagði ríkissaksóknari, að venjulega tæki 6–8 mánuði að rannsaka mál af þessu tagi í rannsóknarstofu FBI, en vil-yrði hafi verið gefið fyrir því, að mál þetta yrði tekið fram fyrir önn-ur mál. Niðurstöðu væri að vænta í fyrsta lagi eftir eina til tvær vik-ur, ef vel gengi. Óskaði ríkissaksóknari þess, að dómsuppsögu í mál-inu yrði frestað, uns ný gögn lægju fyrir. Var því mótmælt af hálfu verjanda ákærða.

Málið var munnlega flutt og dómtekið 25. janúar sl., enda hafði engin formleg beiðni komið fram um frestun á málflutningi. Frestur á dómsuppsögu eftir dómtöku máls til að veita ákærvaldi frekari tækifæri til gagnaöflunar á ekki stoð í lögum og stríðir gegn rétti sakbornings. Beiðni ákærvalds um frestun er því hafnað. Ekki eru hér heldur skilyrði til að ákveða framhaldsmeðferð samkvæmt 131. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

IV.

Pótt ljóst sé, að héraðsdómur byggi niðurstöðu sína um sakfell-ingu ákærða að nokkru á mati á trúverðugleika framburðar kær-anda annars vegar og ákærða hins vegar, þykir engu að síður sýnt, að sönnunarmat studdist einnig sýnilegum sönnunargögnum, eink-um læknisrannsókn á áverkum kæranda og að einhverju leyti niður-stöðu þeirrar DNA-rannsóknar, sem fyrir dóminum lá. Eins og rak-ið er hér að framan, liggur nú fyrir niðurstaða rannsóknar frá Retts-medisinsk Institutt í Osló, sem gengur þvert á fyrri niðurstöðu. Samkvæmt henni telst útilokað, að sæði, er fannst í umræddri verju og rannsakað var í Osló, sé frá ákærða komið. Jafnframt eru taldar yfirgnæfandi líkur á, að sýni af ytra byrði verjunnar komi frá kær-anda. Það er álit Gunnlaugs Geirssonar prófessors, að hin norska rannsókn teljist fullnaðarrannsókn, sem náð hafi til fleiri þátta en hin fyrri. Jafnframt telur hann ekki hafa verið sýnt fram á neina misfelli í vörslu, meðhöndlun og sendingu sýna, sem rýri gildi hennar. Þegar til þessa er litið og þeirra galla á rannsókn málsins, sem áður var getið, þykir vera sá vafi um sekt ákærða, að önnur þau atriði, sem byggt var á í héraðsdómi, nægi ekki til sakfellingar hans, sbr. 46. gr. laga nr. 19/1991. Verður hann því sýknaður af kröfum

ákærvalds í málinu. Samkvæmt 3. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991 ber þá að vísa miskabótakröfu kæranda frá dómi.

Sakarkostnað allan í héraði og fyrir Hæstarétti skal greiða úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun verjenda ákærða, eins og nánar segir í dómsorði. Tímaskráning verjenda ákærða í héraði þykir úr hófi, og verður ekki á henni byggt.

D ó m s o r ð:

Ákærði, X, skal vera sýkn af kröfum ákærvalds í máli þessu.

Kröfu K um miskabætur er vísað frá dómi.

Sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjenda í héraði, Ásgeirs Á. Ragnarssonar héraðsdómslögmanns, 250.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjenda fyrir Hæstarétti, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 125.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 18. desember 1995.

Ár 1995, mánudaginn 18. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem haldið er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Ingibjörgu Benediktsdóttur héraðsdómara sem dómsformanni og héraðsdómurunum Guðjóni St. Marteinssyni og Skúla J. Pálmasynti, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 1101/1995: Ákærvaldið gegn X, sem tekið var til dóms 12. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara 1. nóvember sl. gegn ákærða, X, breskum ríkisborgara fæddum 1972 [...], Englandi, „fyrir nauðgun með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 8. október 1995 með líkamlegu ofbeldi þröngvað konunni K [f. 1954] til holdlegs samræðis í leggöng og endaparm í vökvadæluherbergi í skuttogaranum Þerney, RE 101, sem lá við Grandagarð í Reykjavíkurhöfn.

Telst þetta varða við 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Í málinu gerir Sif Konráðsdóttir hdl. fyrir hönd ofangreindrar K kröfu um, að ákærði verði dæmdur til að greiða henni miskabætur, að fjárhæð 1.000.000 kr., með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 8. október 1995 til 8. nóvember 1995, en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk

kostnaðar vegna lögmannaðstoðar eftir mati dómara eða síðar fram lögð-um reikningi“.

Málavextir.

Um kl. 9.53 að morgni sunnudagsins 8. október sl. var óskað lögregluaðstoðar að Perney, RE, sem lá við Grandagarð í Reykjavík. Í frumskýrslu Árna Pálssonar lögreglumanns, sem hann hefur staðfest fyrir dóminum, kemur fram, að þeir lögreglumennirnir höfðu tal af Guðjóni Þorleifssyni, vaktmanni skipsins, um borð. Kvaðst hann hafa orðið var við umgang í skipinu um nóttina, en síðan einskis orðið var, fyrr en hann vaknaði um morguninn og sá þá konu við inngang inn í skipið. Konan, K, var enn um borð og hafði þá skömmu áður hringt í lögreglu. Sagði hún lögreglumönnum, að sér hefði verið nauðgað um borð í skipinu um nóttina. Vaktmaðurinn vísaði lögreglu á klefa fyrir vökvadælukerfi stjórnborðs megin miðskipa, og kvað hann konuna hafa sagt, að þarna hefði sér verið nauðgað. K var róleg, en hafði greinilega grátið mikið. Hún dró upp smokk í viðurvist lögreglumannanna, sem hún sagðist hafa fundið á gólfinu í klefanum. Smokkurinn var síðar afhentur neyðarmóttöku á slysadeild Borgarspítalans. Hún sagði, að maðurinn, sem nauðgaði sér, hefði verið Englendingur. Frásögn hennar um atburðinn var samhengislaus, en hún gaf nokkuð greinargóða lýsingu á manninum. Benti hún meðal annars á, að hann hefði gefið sér gulleyrnalokk, sem hún var með í eyra, og hefði hann sjálfur verið með annan slíkan í eyra. Er lögreglumenn voru að ganga frá borði, benti hún á mann í hópi Englendinga, sem hún sagði, að gæti gefið upplýsingar um mann þann, sem nauðgaði henni. Stuttu síðar var ákærði handtekinn um borð í togaranum Arctic Corsair, sem hann var skipverji á. Kom lýsing stúlkunnar á honum heim og saman við útlit hans. Þá var hann með eyrnalokk í eyra, er virtist vera sams konar og sá, sem K var með.

— — —

Niðurstaða.

Ákærða og K ber að mestu saman um ferðir þeirra og samveru, áður en þau komu um borð í Perney, RE, þótt þau greini á um, hvort hún hafi sýnt ákærða einhver atlot, áður en þau fóru þar um borð, og í hvaða tilgangi þau fóru þangað. Þá ber þeim einnig saman um, að þau hafi farið á leið sinni í vökvadæluklefann yfir net og troll og hún hrasað á leiðinni. K minntist þess ekki að hafa meitt sig á leiðinni, en ákærði taldi, að svo hefði verið. Báðum ber saman um, að þau hafi verið drukkin. K kveður þó, að farið hafi verið að renna af sér, er hér var komið sögu. Bæði hafa haldið fast við framburð sinn frá fyrstu yfirheyrslu við rannsókn málsins.

Í fyrstu var frásögn kæranda samhengislaus, en þegar hún skýrði nánar

frá atburðum, varð framburður hennar í samhengi. Á þetta jafnt við um frásögn hennar fyrir vaktmanni um borð og á neyðarmóttöku. Framburður hennar við rannsókn málsins og meðferð þess fyrir dómi er í öllum veigamiklum atriðum í samræmi við fyrstu frásögn hennar, frá henni hefur hún ekki hvikað. Í framhaldi af viðtali sínu við vaktmanninn hringdi hún í eiginn mann sinn. Er lögreglumenn komu á staðinn skömmu seinna, afhenti hún þeim smokk, sem hún kvaðst hafa fundið á gólfi dæluklefans, og lagði fram kæru á hendur ákærða. Niðurstaða DNA-rannsóknar sýnir, að yfirgnæfandi líkur eru á því, að sæði það, er greindist í smokknum, sé úr ákærða, en hann hefur frá upphafi sagt, að hann myndi ekki eftir að hafa haft samfarir við konuna.

Við yfirheyrslur mundi ákærði eftir atvikum í smáatriðum, allt þar til hann var kominn inn í dæluklefan með konunni, en eftir það mundi hann nær ekkert fram til þess tíma, að hann vaknaði. Framburður hans um minnisleysi, nær strax og hann kom inn í klefan, þykir ótrúverðugur, þótt ekki verði bornar brigður á, að hann hafi verið drukkinn.

K bar, að ákærða hefði tekist að koma lim sínum í endaparm hennar gegn vilja hennar og reynt að hafa við hana samfarir í leggöng, en ekki tekist. Er því lýst í læknisvottorði, að hún hafi verið hvellaum í endaparmi og átt erfitt með setu. Þótt sumir þeir áverkar, sem lýst er í vottorði Arnars Haukssonar kvensjúkdómalæknis, geti komið heim og saman við frásögn ákærða um, að hún hafi hrasað og meitt sig, áður en í dæluklefan kom, þykir fjöldi áverkanna og staðsetning svo og, að hluti þeirra var enn að koma út við lækni skoðun, styðja frásögn hennar um, að kynmök hafi verið gegn vilja hennar og ákærði beitt hana harðræði. Þessa frásögn hennar styður einnig sá framburður kvensjúkdómalæknisins, að til þess að fá svo marga marbletti hefði K þurft að detta oft og „mikið“ og frásögn hennar væri í samræmi við þá áverka hennar, sem nýlegir voru. Lýsing lögreglumanna þeirra, er tal höfðu af konunni á vettvangi, og starfsfólks neyðarmóttöku á andlegu ástandi konunnar styður og framburð hennar.

Þegar litið er til alls framangreinds, þykir ekki varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi þröngvað K með líkamlegu ofbeldi til holdlegs samræðis í endaparm og reynt að hafa við hana samræði í leggöng. Með háttsemi sinni hefur hann gerst sekur um brot gegn 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992.

Ákærði er erlendur ríkisborgari. Hann hefur sætt farbanni í tvo mánuði, meðan á rannsókn og meðferð málsins hefur staðið. Við ákvörðun refsingar þykir rétt að taka tillit til þessa. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin 12 mánaða fangelsi. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist hans að fullri dagatölu frá 9. október til 17. október 1995.

Sif Konráðsdóttir héraðsdómslögmaður hefur lagt fram miskabótakröfu fyrir hönd K, að fjárhæð 1.000.000 króna, með vísan til 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 8. október 1995 til 8. nóvember sama ár, en dráttarvaxta samkvæmt 15. gr. laganna frá þeim degi til greiðsludags auk kostnaðar vegna lögmannsaðstoðar.

Ákærði hefur mótmælt kröfunni. Gögn málsins bera með sér, að K hefur orðið fyrir miska. Telur dómurinn, að henni beri miskabætur eftir 26. gr. skaðabótalaga, sem þykja hæfilega ákveðnar 300.000 krónur með vöxtum, eins og greinir í dómsorði. Þá ber samkvæmt 4. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991 að dæma ákærða til að greiða henni kostnað vegna lögmannsaðstoðar, sem þykir hæfilega ákveðinn 50.000 krónur.

Loks er ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 175.000 krónur, og réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ásgeirs Á. Ragnarssonar héraðsdómslögmanns, 400.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, X, sæti fangelsi í 12 mánuði. Til frádráttar refsingu komi með fullri dagatölu gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 9. október til 17. október 1995.

Ákærði greiði K 300.000 krónur í miskabætur ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 8. október 1995 til 8. nóvember sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags og kostnað vegna lögmannsaðstoðar, 50.000 krónur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 175.000 krónur, og réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ásgeirs Á. Ragnarssonar héraðsdómslögmanns, 400.000 krónur.
